

azt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

#### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

#### 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

#### 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

#### 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI kafla laga nr 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1973.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um laun stundakennara o. fl.

#### 1. gr.

Með hliðsjón af kjarasamningi milli fjármálaráðherra og kjararáðs B.S.R.B. frá 19. desember 1970 skulu laun fyrir stundakennslu vera sem hér segir í eftirtöldum launaflokkum stundakennara frá 1. jan. 1973 að telja:

Launafl.	Til 28. 2. 1973		Frá 1. 3. 1973	
	Lengd kennslust.		Lengd kennslust.	
	45 mín.	40 mín.	45 mín	40 mín.
S. 1. ....	378	336	404	359
S. 2. ....	349	310	374	332
S. 3. ....	321	285	343	305
S. 4. ....	292	260	312	278
S. 5. ....	314	279	336	299
S. 6. ....	288	256	309	274
S. 7. ....	263	234	281	250
S. 8. ....	246	219	263	234
S. 9. ....	222	197	238	211

Ofangreind laun eru miðuð við kaupgreiðsluvisitölu 100, sbr. 3. gr. áðurgreinds kjarasamnings, og skulu breytast í samræmi við hana á sama hátt og föst laun.

Laun fyrir kennslustund skal reikna í heilum krónum.

## 2. gr.

Stundakennarar taka laun samkvæmt ofangreindum launaflokkum svo sem hér segir:

- S. 1. Stundakennarar við menntaskóla, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands með cand. mag. próf.
- S. 2. Stundakennarar við menntaskóla, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands með a. m. k. B.A. próf. Stundakennarar með tilskilinni menntun við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og sérgreinaskóla fyrir kennaraefni, sbr. skilgreiningu hér að neðan.
- S. 3. Stundakennarar við menntaskóla, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands, aðrir en þeir, sem taldir eru í S. 1 og S. 2. Stundakennarar án tilskilinnar menntunar við sérgreinaskóla fyrir kennaraefni og Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Stundakennarar með tilskilinni menntun við Hjúkrunarskóla, Hótel- og veitingaskóla, Vélskóla, Stýrimannaskóla, búnaðarskóla og garðyrkjuskóla, sbr. skilgreiningu hér að neðan.
- S. 4. Stundakennarar við Hjúkrunarskóla, Hótel- og veitingaskóla, Vélskóla, Stýrimannaskóla, búnaðarskóla og garðyrkjuskóla án tilskilinnar menntunar.
- S. 5. Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla með cand. mag. próf og stundakennarar við framhaldsdeildir þeirra, með cand. mag. próf eða B.A. próf.
- S. 6. Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla með B.A. próf og stundakennarar við framhaldsdeildir þeirra, aðrir en þeir, sem taldir eru í S. 5. Stundakennarar við iðnskóla og húsmæðraskóla með tilskilinni menntun, sbr. skilgreiningu hér að neðan.
- S. 7. Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla án B.A. prófs. Stundakennarar við iðnskóla og húsmæðraskóla án tilskilinnar menntunar.
- S. 8. Stundakennarar við barnaskóla með kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða öðrum kennaramenntunarstofnunum.
- S. 9. Stundakennarar við barnaskóla án kennaraprófs.

Með tilskilinni menntun hér að framan er átt við þau próf, sem nægja myndu til þess að kennari yrði skipaður við skólann og tæki að lokinni fullri starfsþjálfun (mest 3 ár) laun skv. þeim launaflokki, sem tilgreindur er fyrir viðkomandi skóla í

fylgiskjali 11 með kjarasamningi fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Í stað þeirra prófa, sem tilgreind eru hér að framan, komi einnig önnur próf, sem jafngild teljast við ákvörðun launaflokka fastra kennara.

Ekki skulu tekin til greina önnur próf en kennarapróf og próf í viðkomandi kennslugrein, eða annað það próf, sem kemur að fullum notum við kennslu í henni.

### 3. gr.

Fyrir stundakennslu við heyrnleysingjaskóla, vanvitaskóla og aðra hliðstæða sérskóla, svo og í bekkjum afbrigðilegra eða vangefinna barna, skal koma 25% álag á greiðslur samkvæmt 1. og 2. grein. Sama álag skal greiða fyrir söng- og tónlistarkennslu.

### 4. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

### 5. gr.

Orlofsfé er innifalið í greiðslum samkvæmt 1. gr.

### 6. gr.

Öll kennsla, sem ekki er innt af hendi af föstum kennurum viðkomandi skóla, greiðist með stundakennarakaupi sbr. 1. gr.

### 7. gr.

Kennari, settur eða skipaður í hluta af stöðu, sem kennir samkvæmt stundaskrá fleiri stundir en nemur kennsluskyldu sinni, þó ekki umfram kennsluskyldu fullrar stöðu á viðkomandi skólastigi, fær viðbótargreiðslur beint úr ríkissjóði. Viðbót þessi greiðist, eftir því sem við á, allt árið með föstum launum kennarans og reiknast mán- aðarlega á eftirfarandi hátt:

$$\frac{a \times b}{c \times d}$$

þar sem:

- Fjöldi kennslustunda á mánuði umfram kennsluskyldu samkvæmt ráðningu og reglum um afslátt af kennsluskyldu.
- Föst mánaðarlaun skv. ráðningu.
- Fjöldi skyldukennslustunda á mánuði miðað við ráðningu í fulla stöðu án afsláttar.
- Ráðningarhlutfall kennara.

Um greiðslur fyrir áðurgreinda aukakennslu og aðra aukakennslu þessara kennara, þar með greiðslur í veikindaförföllum, fer að öðru leyti eftir reglum um greiðslur fyrir aukakennslu kennara í fullri stöðu.

### 8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við fjármálaráðuneytið og gilda ákvæði hennar frá 1. janúar 1973 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

*Í menntamálaráðuneytinu, 23. febrúar 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

**Birgir Thorlacius.**